

## Ályktanir landsfundar Landssambands eldri borgara 2015, um félags- og velferðarmál

„Landsfundur Landssambands eldri borgara haldinn 5.-6. maí 2015 fagnar því að komin er fram þingsályktun um Umboðsmann aldraðra og skorar á Alþingi að samþykkja tillöguna og koma á fót embætti umboðsmanns aldraðra. Einnig að réttargæslumenn fyrir aldraða verði hluti af félagsþjónustu sveitarfélaga. Knýjandi nauðsyn er að til sé aðili sem aldrað fólk geti leitað til með spurningar varðandi ýmis réttindamál og mál sem koma upp í samskiptum við þjónustuaðila.

Landsfundurinn beinir því til stjórnvalda að Öldungaráð í hverju sveitarfélagi eða í samvinnu sveitarfélaga verði lögfest sem réttbær tillögu- og umsagnaraðili um málefni eldri borgara og skorar á aðildarfélag LEB að beita sér fyrir stofnun öldungaráða í sínu sveitarfélagi þar sem þau starfa ekki nú þegar. Öldungaráðin kynni sér m.a. þjónustu við eldra fólk á heimilum, í þjónustuíbúðum og á öldrunarheimilum og leggi fram tillögur þar sem úrbóta er þörf. Bent er á að nú þegar eru öldungaráð starfandi í Reykjavík, Hafnarfirði, Suðurnesjum, Hveragerði, Borgarbyggð, Ölfusi og jafnvel fleiri sveitarfélögum.

Landsfundurinn vill að aldraðir sem komnir eru með gilt Færni- og heilsumat eigi vöð á að fá notendastýrða persónulega aðstoð í heimahúsum og geti valið um að vera heima eða að fara á hjúkrunarheimili. Áfram verði unnið að því að færa málefni aldraðra til sveitarfélaga að því tilskyldu að nægt fjármagn fylgi. Landsfundurinn vill að starfsmenn í félagslegri heimaþjónustu aldraðra framvísi sakavottorði og tali og skilji íslensku. Einnig eiga þeir að hafa lokið samræmdri viðurkenndri grunnmenntun. Námið gæti verið fjarnám með stuttum námskeiðum á vegum hvers sveitarfélags. Landsfundurinn gerir þá kröfu að tekið sé mið af mannelismarkmiðum Íslendinga í fæðuvali á hjúkrunarheimilum, þjónustumiðstöðvum og heimsendum máltíðum.

Ofbeldi gagnvart öldruðum hefur ekki verið nægilega rannsakað hér á landi, en leiða má líkum að því að það eigi sér stað svipað og hjá öðrum þjóðum þar sem það hefur verið rannsakað. Landsfundurinn telur nauðsynlegt að rannsaka ofbeldi gegn öldruðum. Aldursfordómar eru víða og geta leitt til ofbeldis. Landsfundurinn beinir því til landlæknisembættisins að hafa forgöngu um slíka rannsókn.

Landsfundurinn fagnar áframhaldandi starfi Velferðarvaktarinnar og góðrar samvinnu sem þar hefur tekist með ýmsum ólíkum félagasamtökum um að styrkja velferð. Flestar af tillögum Velferðarvaktarinnar snerta hagsmuni eldri borgara sem mikilvægt er að hrinda í framkvæmd svo sem að lágmarksviðmið til framfærslu verði skilgreind, fjárhagsleg staða leigjenda, búseturéttarhafa og eigenda íbúða sé jöfnuð, grunnþjónusta sé gjaldfrjáls.“

<http://leb.is/fundargerdir/landsfundir/landsfundur-2015/>

## Ályktun um heilbrigðismál:

„Landsfundur Landssambands eldri borgara, haldinn 5.-6. maí 2015, vill að Framkvæmdasjóður aldraðra verði eflur og geti staðið við kröfur um fjölgun hjúkrunarrýma sem taki mið af fjölgun aldraðra á næstu árum. Ástandið á enn eftir að versna ef ekkert er að gert. Ríki og sveitarfélög verða að bregðast við vandanum nú þegar með gerð áætlunar um fjölgun hjúkrunarrýma til að mæta brýnni þörf á næstu árum. Fólki standi jafnframt til boða almenn dvalarrými t.d. á hjúkrunarheimilum eða sérstökum sambýlum. Landsfundurinn skorar á stjórnvöld að koma sem fyrst á samþættingu hjúkrunar og heimaþjónustu um land allt. Efla þarf dagdvöl og fjölga plássum í endurhæfingu aldraðra.

Landsfundurinn vill að eftirlit með hjúkrunarheimilum verði markvisst og fylgt verði viðurkenndum reglum og stöðlum um hjúkrun aldraðra. Gerðir verði þjónustusamningar við öll hjúkrunarheimili. Landsfundurinn ítrekar þá kröfu að greiðslufyrirkomulag á hjúkrunarheimilum verði endurskoðað. Fólk haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu þegar það flytur inn á hjúkrunarheimili, greiði húsaleigu, fæði og aðra grunnþjónustu. Ríki eða sveitarfélög greiði fyrir hjúkrun og umönnunarpáttinn og vasapeningar verði aflagðir. Miklar líkur eru á því að með núverandi fyrirkomulagi sé um stjórnarskrárbrot að ræða.

Landsfundurinn beinir því til heilbrigðisráðherra að nauðsynlegt er að efla heilsugæslu og aðra grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins. Heilsugæslan er fyrsti snertipunktur og þyrfti að sinna víðtækara starfi en verið er að sinna í dag. Fjölga þarf heimilislæknum verulega svo allir eigi völ á heimilislækni og hafi að þeim greiðan aðgang. Bið eftir læknaviðtölum er óheyrilega löng. Efla þarf framboð á heilsurækt fyrir aldraða bæði á hjúkrunarheimilum og fyrir þá sem búa á eigin heimili. Lækka þarf komugjöld til lækna sem hafa hækkað verulega undanfarin ár.

Landsfundurinn skorar á stjórnvöld að hraða uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut eins og fremst er unnt. Jafnframt verði tekin ákvörðun um að nýta núverandi húsakynni Landspítala í Fossvogi sem sérstaka miðstöð öldrunarlækninga. Það væri verðugt hlutverk fyrir þá byggingu þar sem ljóst er að með fyrirsjáanlegri fjölgun aldraðra er mjög æskilegt að hafa betri aðstöðu til öldrunarlækninga og rannsókna en nú er.

Landsfundurinn skorar á heilbrigðisráðherra að draga til baka þær breytingar á reglugerð um styrki vegna hjálpartækja nr. 1155/2013, sem hafa útilokað niðurgreiðslu til aldraðra á þeim hjálpartækjum sem auðvelda umönnun aldraðra í heimahúsum og viðhalda færni þeirra til að búa heima. Skilgreining á því hverjir eigi rétt á niðurgreiðslu hjálpartækja er allt of þröng í reglugerðinni og aðgangur aldraðra að hjálpartækjum verulega takmarkaður.

Landsfundurinn leggur til að eftirtalin hjálpartæki og heilbrigðisþjónusta verði niðurgreidd í forvarnarskyni, svo sem: Heyrnartæki, neyðarhnappur, gleraugu, ýmis konar farartæki og tannlækningar.“

## Ályktun um kjaramál:

„Landsfundurinn skorar á stjórnvöld að ljúka endurskoðun laga um almannatryggingar. Endurskoðunin verður að leiða til þess að dregið sé úr óhóflegum tekjutengingum milli almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóða. Landsfundurinn vill að starfslok verði sveigjanleg og valkvæð. Landsfundurinn getur fallist á hækkun lífeyristökualdurs á löngum tíma, en breyting taki ekki gildi fyrr en að 5 árum liðnum frá gildistöku lagabreytinga. Með því skapast aðlögunartími fyrir þá sem eiga eftir allt að 5 ár í starfslokaaldur.

Landsfundurinn skorar jafnframt á aðila vinnumarkaðarins að gera átak í að skapa eldra fólki atvinnutækifæri svo að starfslokaaldurinn verði í reynd virðing við atvinnuþátttöku eldra fólks og framkvæmanlegur án þess að fólk endi á örorkubótum eða skertum lífeyri.

Landsfundurinn krefst þess að lífeyrisréttindi einstaklinga hjá lífeyrissjóðum verði samræmd. Landsfundurinn lýsir yfir megnri óánægju með skerðingu á greiðslum frá lífeyrissjóðum til eftirlaunafólks. Jafnframt er óviðunandi að lífeyrissjóðstekjur séu tvískattaðar.

Landsfundurinn krefst þess að lífeyrir almannatrygginga taki að lágmarki sömu hækkunum og lægstu laun sem samið verður um í næstu kjarasamningum. Jafnframt að sett verði framfærsluviðmið sem taki mið af raunkostnaði. Enn og aftur skal bent á að hækkun persónuafsláttar væri besta kjarabót láglaunafólks og þar með eftirlaunafólks. Því er skorað á stjórnvöld að hækka skattleysismörkin myndarlega. Lágmarkstekjur til framfærslu verði ekki skattlagðar. Jafnframt skorar landsfundurinn á stjórnarflokkana að standa við gefin loforð um að bæta öldruðum kjaraskerðinguna sem varð á árunum 2009-2013 og að lækka fjármagnstekjuskatt. Skerðingar á frítekjumarki vegna fjármagnstekna aldraðra og öryrkja sem tóku gildi árið 2009 verði afturkallaðar strax.

Landsfundurinn lýsir yfir megnri óánægju með þá árlegu ákvörðun Alþingis að aftengja við afgreiðslu fjárlaga, 69. grein almannatryggingalaga, sem er svohljóðandi: „að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun skal taka mið af launapróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs“.

Landsfundurinn krefst þess að stjórnvöld virði ákvæði og anda laganna um almannatryggingar og hækki lífeyri aldraðra og öryrkja árlega í samræmi við hækkun launa og verðlags.

Landsfundurinn leggur til að virðisaukaskattur á lyf verði felldur niður og bendir á að margar þjóðir eru með lyf í lægsta þrepi virðisaukaskatts eða að slíkur skattur er ekki lagður á lyf.

Landsfundurinn leggur til að sveitarfélögum verði frjálst samkvæmt lögum að fella niður fasteignaskatta á eldri borgurum af íbúðum til eigin nota.“